



**Kveðja
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
til landsmanna
vegna kórónuveirunnar og áhrifa hennar,
12. mars 2020**

Þetta eru erfiðir dagar, kæru landar. Þá reynir á fólk. Ég þakka framvarðasveitinni í vörn okkar gegn veirunni þeirra góðu störf. Alma landlæknir, Þórólfur sóttvarnalæknir og Víðir yfirlögregluþjónn svara fumlauð öllum spurningum sem brenna á fólk, kynna aðgerðir hverju sinni og á hvaða rökum þær eru reistar. Ég þakka þingheimi fyrir einingarvilja, ríkisstjórn fyrir hennar forystu. En ég þakka sérstaklega starfsliði heilbrigðisþjónustunnar. Á þeim mæðir mikið núna og ugglaut verður álagið meira á næstunni. Í dag flutti ég öllu þessu fólk góðar kveðjur og óskaði þeim velfarnaðar. Sömu ósk færi ég þeim sem sýkst hafa af veirunni og einnig þeim sem sitja í sóttkví af hennar völdum.

Loks færi ég íslenskri þjóð þakkir. Við höfum sýnt í verki stillingu og einhug. Höldum því áfram, ekki síst ef svo fer að brún viðbrögð gegn vágestinum muni hafa enn meiri áhrif en áður á daglegt líf okkar.

Í Hávamálum, okkar ævafora menningararfi, má finna vísdómsorð um mikilvægi rósemi og raunsæis, hygginda og hugrekkis. Þar segir meðal annars:

Ósvinnur maður
vakir um allar nætur
og hyggur að hvívetna;
þá er móður,
er að morgni kemur,
allt er víl sem var.

Í Hávamálum segir þetta jafnframt um vinskap og traust: „Vin sínum skal maður vinur vera, þeim og þess vin.“ Já, stöndum saman, gott fólk.